

Gjaldskrárbreytingar 1.mars 2018

Reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

Velferðarráðuneytið hefur gefið út nýja reglugerð sem tekur gildi þann **1. mars 2018** og varðar hún greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Helstu breytingar eru að greiðslumark almennings fer úr 24.600 kr. í 25.100 kr. og greiðslumark hjá öldruðum öryrkjum og börnum fer úr 16.400 kr. í 16.700 kr. Einnig eru breytingar á komugjöldum á sjúkrahús, gjöldum vegna rannsókna, vottorða og krabbameinsleitar á heilsugæslu, ásamt sjúkraflutningum og fleira.

Reglugerðina má finna í heild sinni á eftirfandi slóð.

<http://www.sjukra.is/um-okkur/log-og-reglugerdir>

<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=862761ef-2464-4675-88d7-97ae844e09fa>

Upplýsingar um gjaldskrá vegna heilbrigðisþjónustu verður uppfærð á heimasíðu SÍ:

<http://www.sjukra.is/um-okkur/fjarhaedir-og-gjaldskrar/>

Notendur Sögukerfisins þurfa ekki að hafa áhyggjur af greiðsluhámarki sem breytist fyrir gjaldflokkinn Almennur og hjá Öldruðum, Öryrkjum og Börnum. Það gerist sjálfkrafa í skeyti frá SÍ til Sögu.

Hvað varðar reglugerðina sjálfa og breytingar á **Verðskrá** þá þurfa kerfisstjórar að lesa hana gaumgæfilega. Breyta þarf verði á öllum **gjaldflokkum** í Verðskrá samkvæmt reglugerðinni.

Á myndinni hér fyrir neðan er einungis sýnt dæmi um breytingar á komugjaldi á slyshadeild/bráðamóttöku sjúkrahúss og komu og endurkomu vegna annarra en lækna. Athugið að aðrar gjaldskrárbreytingar (sjá reglugerð) eru gerðar með sama hætti og sýnt er á myndinni. Farið er í „Umsjón“ - „Stillingar“ - „Verðskrá“ og verði breytt fyrir alla gjaldflokka. Ekki þarf lengur að setja afsláttarverð í afsláttardálk þar sem afsláttur reiknast sjálfkrafa í greiðslupak sjúklings. En setjið til öryggis inn sama verð og er í Verð dálkinum.

Umsjón

Afgreiðsla - Verðskrá

Nr. *	Gjaldflokkur *	Gjaldaliður *	Verð *	Afsl. verð *	Virkt?
2277	Almennur (18-66 ára)	Koma á Slysa- og göngudeild	6.400 ISK	6.400 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
Nr.	Verðflokkur	Gjaldaliður	Verð	Afsl. verð	Virkt?
2277	Almennur (18-66 ára)	Koma á Slysa- og göngudeild	6.400 kr.	6.400 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
2278	Barn	Koma á Slysa- og göngudeild	0 kr.	0 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
2279	Barn með umönnunarbætur	Koma á Slysa- og göngudeild	0 kr.	0 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
2280	Ellilífeyrisþegi I (67-69 ára)	Koma á Slysa- og göngudeild	4.200 kr.	4.200 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
2281	Ellilífeyrisþegi II (70+)	Koma á Slysa- og göngudeild	4.200 kr.	4.200 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
2282	Órorkulífeyrisþegi	Koma á Slysa- og göngudeild	4.200 kr.	4.200 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
2251	ÓSJÚKRATRYGGÐIR	Koma á Slysa- og göngudeild	56.700 kr.	56.700 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
2283	Almennur (18-66 ára)	Koma og endurkoma vegna annarra en læk	3.500 kr.	3.500 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
2284	Barn	Koma og endurkoma vegna annarra en læk	0 kr.	0 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
2285	Barn með umönnunarbætur	Koma og endurkoma vegna annarra en læk	0 kr.	0 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
2286	Ellilífeyrisþegi I (67-69 ára)	Koma og endurkoma vegna annarra en læk	2.250 kr.	2.250 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
2287	Ellilífeyrisþegi II (70+)	Koma og endurkoma vegna annarra en læk	2.250 kr.	2.250 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
2288	Órorkulífeyrisþegi	Koma og endurkoma vegna annarra en læk	2.250 kr.	2.250 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
2289	ÓSJÚKRATRYGGÐIR	Koma og endurkoma vegna annarra en læk	56.700 kr.	56.700 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
1662	Barn með umönnunarbætur	Koma utan dagvinnutíma	0 kr.	0 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
2236	Ellilífeyrisþegi I (67-69 ára)	Koma utan dagvinnutíma	2.400 kr.	1.700 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>

Ef þið þurfið aðstoð við þetta þá sendið okkur póst á tjjonusta@origo.is.

Með kveðju

Origo - Heilbrigðislausnir